


# Leiðbeinandi verklagsreglur ef upp kemur eineltismál innan Æskulýðsvettvangsins


Ef barn eða ungmenni brýtur reglu eða sýnir neikvæða hegðun sem skaðar annan einstakling:



Starfsfólk skráir atvikið/atburðinn á tiltekið eyðublað og ræðir jafnframt við viðkomandi barn eða ungmenni, gerir því grein fyrir „broti“ sínu og kemur með tillögu að úrlausnum. Um leið skulu foreldrar/forráðamenn upplýstir um „brotið“



Ef barn brýtur af sér aftur.



Starfsfólk ræðir við viðkomandi og upplýsir yfirmann og framkvæmdarstjóra um málið. Foreldri/forráðamenn eru kallaðir til vegna „brots“ viðkomandi og þeir fengnir í lið með starfsmönnum til að leita úrlausna.



Við síendurtekin „brot“ er ráðgjafarhópur ÆV um eineltismál kallaður til, til að vinna að frekari úrlausnum. Ávallt skal leita farsælla lausna með hag allra að leiðarljósi.